



KRÖFUR HS ORKU HF TIL VERKTAKA VARÐANDI ÖRYGGIS-, HEILBRIGÐIS- OG UMHVERFISMÁL

DESEMBER 2009

1. Inngangur

Eitt af markmiðum HS Orku hf er að gera fyrirtækið að öruggum og slysalausum vinnustað þar sem öryggi starfsmanna er haft að leiðarljósi. Sama gildir um þá vinnustaði þar sem unnið er að verkum fyrir HS Orku hf af öðrum en starfsmönnum fyrirtækisins.

Reglur þessar gilda fyrir verktaka og undirverktaka þeirra sem vinna fyrir HS Orku hf. Athygli er vakin á því að fyrirtækið leggur ríka áherslu á öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismál og ætlast til þess að verktakar fari að þeim lögum, reglugerðum og reglum sem varða öryggi, heilbrigði og umhverfi á vinnustað, s.s. lögum nr. 46/1980 (<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1980046.html>), um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað með síðari tíma breytingum og reglugerð nr. [920/2006](http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/upload/files/log_og_reglur/reglur_og_reglugerdir_sem_heyra_undir_vinnuverndarlog/b_nr_920_2006.pdf) (http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/upload/files/log_og_reglur/reglur_og_reglugerdir_sem_heyra_undir_vinnuverndarlog/b_nr_920_2006.pdf) um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Einnig skal stuðst við kröfur í öryggishandbók Hitaveitu Suðurnesja hf. Hið sama gildir gagnvart öllum öðrum íslenskum lögum, reglum og reglugerðum sem gilda á hverjum tíma en eru ekki sérstaklega talin upp hér en snerta verkið á einhvern hátt. Jafnframt skulu verktakar hafa til hliðsjónar kröfur og tilmæli sem HS Orka hf hefur sett fram í þessu skjali sem hugsanlega fara fram úr þeim almennu kröfum sem löggjafinn og framkvæmdavaldið setja. Reglur fyrirtækisins eru ekki tæmandi fyrir ábyrgð og skyldur verktaka og færa ekki ábyrgð öryggismála frá verktaka yfir á það. Sérstök áhersla er lögð á það að verktakar upplýsi starfsmenn sína og undirverktaka um þessar kröfur og tilmæli.

2. Almenn

HS Orka hf, hér eftir nefnd verkkaupi, ber ábyrgð á að gerð sé öryggis-, heilbrigðis-, og umhverfisáætlun (ÖHU áætlun) og áhættumat, bæði á undirbúningsstigi og framkvæmdatíma vegna verka á vegum verkkaupa. ÖHU áætlun verkkaupa fylgir útboðsgögnum og þá áætlun getur verktaki nýtt sér við gerð tilboðs og við gerð eigin ÖHU-áætlunar og áhættumats sem stuðst verður við á framkvæmdatíma en þess er krafist að verktaki leggi fram slíka áætlun í byrjun verks.

Verkkaupi tilnefnir umsjónarmann með verkinu, hér eftir nefndur UV, til að hafa umsjón með verki á verkstað. UV sér um að koma kröfum verkkaupa varðandi ÖHU-mál til verktaka ásamt því að fylgja eftir athugasemdum til verktaka. Sé um fleiri en einn verktaka að ræða í verki sér verkkaupi um að skipa samræmingaraðila öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismála (SÖHU) sem starfar með og undir stjórn UV.

Verktaki skal skipa öryggisverði og öryggistrúnaðarmenn í upphafi verks í samræmi við reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Skal upplýsingum þar að lútandi ásamt starfsmannafjölda komið til UV og Vinnueftirlitsins. Umræddir starfsmenn ásamt ÖHU fulltrúa verktaka skulu vera samskiptaaðilar og tengiliðir við UV/SÖHU á sviði öryggismála á meðan á verki stendur. Gerð er krafa um að lágmarki iðnmenntun eða sambærilegt fyrir ÖHU fulltrúa verktaka. Ef um stærri verk er að ræða skal tryggt að ÖHU nefnd sé starfandi samkvæmt reglum þar að lútandi.

Tryggt skal að allir starfsmenn verktaka hafi hlotið viðeigandi þjálfun í öryggismálum áður en þeir hefja vinnu á verkstað og skal verktaki sýna fram á við UV að slík þjálfun hafi átt sér stað. Gerð er krafa um að verkstjórar fari yfir ÖHU-mál á stuttum fundi með starfsmönnum sínum í byrjun verks eða þegar breytingar verða á verki til að tryggja að allir séu meðvitaðir um ÖHU-mál. Slíkir fundir skulu þó haldnir a.m.k einu sinni í mánuði og oftar ef þurfa þykir.

Allir starfsmenn á framkvæmdasvæðinu eru skyldugir til að fara eftir viðbragðs- og neyðaráætlun framkvæmdasvæðisins. Þegar nauðsyn krefur skal SÖHU endurskoða viðbragðs- og neyðaráætlunina og samræma viðbragðs- og neyðaráætlanir verkaka á svæðinu. Þetta á t.d. við þegar nýir verktaka hefja vinnu á vinnusvæðinu.

Verkkaupi mun halda umhverfisnámskeið fyrir starfsmenn verktaka og undirverktaka þar sem farið er yfir umhverfismál og gildi þeirra á vinnusvæðinu. Verktaka og undirverktökum er skylt að senda alla starfsmenn sína er að viðkomandi verki koma á þetta/þessi námskeið. Námskeið eru kostuð af verkkaupa en verktaki kostar þann vinnutíma sem starfsmenn nota í námskeið sem tekur um 3 klst. Verkkaupi mun upplýsa verktaka nánar um útfærslu umhverfisnámskeiðs við upphaf verks eða í samræðum um gerð verksamnings.

Viðurlög vegna endurtekinna og/eða vísvitandi brota á öryggis-, heilbrigðis- og umhverfisreglum eru í samræmi við reglur sem koma fram í öryggishandbók Hitaveitu Suðurnesja hf. Brot getur varðað brottrekstri að undanegnum þremur skriflegum áminningum frá UV. Ef um alvarlegt brot er að ræða getur það leitt til fyrirvaralauss brottreksturs úr starfi.

Verkkaupi áskilur sér sömuleiðis rétt til að fresta greiðslum til verktaka þar til bætt hefur verið úr þeim öryggisatriðum sem áfátt er. Ef verktaki hlítir ekki aðvörunum getur verkkaupi sagt upp verksamningi.

Verktaka ber að tilkynna atburði sem geta valdið hættu til UV/SÖHU og grípa til ráðstafana til þess að forðast slys og tjón. Öll slys skulu tilkynnt til næsta yfirmanns og þau meðhöndluð og skráð eins fljótt og auðið er óháð alvarleika. Verktaka ber að halda yfirlit yfir öll slys, hættutilvik og tjón á vélum og búnaði og skila til UV/SÖHU. Greining vinnuslysa skal framkvæmd og grípa skal til úrbóta þegar í stað til að koma í veg fyrir að endurtekningu. Tilkynna skal um alvarleg slys til lögreglu og vinnueftirlitsins eins skjótt og auðið er og eigi síðar en innan sólarhrings sbr. gildandi ákvæði þar um. Ef um rafmagnsslys er að ræða skal einnig tilkynna Neytendastofu. Ef um mengunarslys er að ræða skal einnig tilkynna til heilbrigðisefirlits. Upplýsa skal UV/SÖHU strax um öll tilkynningarskyld slys.

Reykingar eru bannaðar í húsnæði og vinnusvæðum verkkaupa nema á sérstökum reykisvæðum. Öll neysla áfengis og vímuefna er einnig stranglega bönnuð á nefndum svæðum. Öllum þeim sem eru undir áhrifum áfengis eða vímuefna er óheimill aðgangur að húsnæði, bifreiðum og vinnusvæðum verkkaupa .

Vinnusvæði skulu afmörkuð og óviðkomandi umferð um þau hindruð eins og kostur er. Þar sem unnið er í eða við umferð skal merkt í samræmi við reglur um merkingar vinnusvæða frá Vegagerð ríkisins, viðkomandi sveitarfélagi eða eigendum vegar, sbr. grein 15 í reglugerð nr. [1127/2007](http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=c00f2ea4-ca19-43ee-bf96-6a5b501941d4) (<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=c00f2ea4-ca19-43ee-bf96-6a5b501941d4>) um lögreglusamþykktir.

Heimsóknir gesta á vegum verktaka eða verkkaupa og heimsóknir ferðamannahópa skulu skipulagðar samkvæmt reglum sem verktaki og verkkaupi hafa samþykkt sín á milli. Meginregla skal vera sú að gestir skulu fá afhentan persónuhlífðarbúnað og klæðast honum og skulu vera í fylgd ábyrgðarmanns meðan á heimsókn stendur. Mikilvægt er að heimsóknir hafi ekki áhrif á framgang verksins og stofni ekki öryggi starfsmanna eða gesta í hættu.

Farið skal að kröfum heilbrigðisefirlits varðandi uppsetningu tímabundina vinnuástöðu, frágang á fráveitu, förgun á úrgangi og spilliefnum svo og umgengni á vinnustað. Þá skal fara eftir reglum verkkaupa um umgengni á vatnsverndarsvæðum og í því sambandi er m.a. bent á reglugerð nr. [796/1999](http://www.ust.is/media/log/r1999-796.pdf) (<http://www.ust.is/media/log/r1999-796.pdf>) um varnir gegn mengun vatns með síðari breytingum.

3. Kröfur um persónuhlífar

Verktaki skal sjá til þess að starfsmenn hans noti ávallt viðeigandi og viðurkenndar persónuhlífar í samræmi við áhættumat viðkomandi verks. Verktaki skal tryggja að starfsmenn séu þjálfaðir í notkun persónuhlífa þegar ekki er hægt að fyrirbyggja hættuna með öðrum ráðstöfunum og þegar þess er krafist í reglum eða reglugerðum.

- **Heyrnarhlífar.** Heyrnarhlífar skulu ávallt notaðar þar sem hávaði er mikill (sbr. kröfur Vinnueftirlits).
- **Vinnufatnaður.** Starfsmenn skulu klæðast fatnaði eða öryggisvestum sem uppfyllir sýnileikastaðla og í viðeigandi tilvikum fatnaði sem hlífir starfsmanni við bruna og öðrum óhöppum.
- **Öndunargrímur.** Nota skal viðeigandi öndunargrímur við notkun leysiefna og annarra efna sem geta gefið frá sér hættulegar gufur. Öndunargrímur skal sömuleiðis nota þar sem rykmengun er möguleg

svo sem í jarðgöngum. Sérstök aðgát skal viðhöfð þegar unnið er í námunda við lokuð rými og þar sem hættu er á jarðhitagasi svo sem brennisteinsvetni og koltvísýringi.

- **Öryggisólar og líflínur.** Ávallt skal nota viðurkenndan fallvarnarbúnað þar sem hættu er á falli (yfir 1.8 m) og öðrum fallvörnum verður ekki við komið.
- **Öryggisgleraugu og andlitshlífar.** Nota skal öryggisgleraugu og andlitshlífar við vinnu þar sem hættu er á augnskaða eða þar sem vélar og tæki geta gefið frá sér efnisagnir og flísar.
- **Öryggishjálmar.** Skylt er að nota öryggishjálma við allar verklegar framkvæmdir.
- **Öryggisskór/öryggisstígvél.** Starfsmenn skulu ávallt klæðast öryggisskóm/öryggisstígvélum við verklegar framkvæmdir.

4. Kröfur um skyndihjálp/björgunarlið

Á verkstað skulu vera starfsmenn sem sótt hafa námskeið í skyndihjálp og vita hvernig bregðast á við neyðartilfellum. Verktaki skal sjá til þess að viðeigandi viðurkenndur búnaður svo sem sjúkrakassi, brunateppi og augnskol til neyðarhjálp sé til staðar og aðgengilegur fyrir starfsmenn. Einnig skal vera til staðar búnaður sem grípa má til í neyðartilfellum vegna umhverfisslysa.

Á vinnusvæðum sem eru fjær sjúkrahúsi/heilsugæslu en sem svara til um 20 mín. akstri skal verktaki gera ráð fyrir að þurfa að koma upp sjúkraaðstöðu þar sem hægt er að gera að minniháttar meiðslum.

Verktakinn skal koma upp skilgreindum hópi starfsmanna sem getur brugðist við í neyðartilfellum. Þeir sem mynda björgunarliðið skulu hafa hlotið þjálfun í viðbrögðum við slysum og eldvörnum.

Þess verður sérstaklega getið í útboðslýsingu verka ef krafa er gerðu um slíka sjúkraaðstöðu og/eða björgunarlið.

Hringja skal í Neyðarlínuna í síma **112** ef upp kemur neyðartilvik eða slys. Í slíkum tilvikum skal eftirfarandi forgangsröð fylgt:

- Meta hættu.
- Tryggja öryggi á vettvangi.
- Veita neyðarhjálp.
- Tilkynna atburðinn.
- Veita almenna skyndihjálp.

Þegar hringt er í Neyðarlínuna skal tala rólega og skýrt, gefa nákvæma staðsetningu, símanúmer og nafn, lýsa atvikinu og tilgreina fjölda slasaðra og ástand.

5. Kröfur um eldvarnir og umgengni á vinnustað

Verktaki við vinnu í eða við mannvirki verkkaupa skal í upphafi verks kynna sér rýmingarleiðir og söfnunarsvæði viðkomandi mannvirkis eða svæðis. Verktakar skulu leggja til lágmarks slökkvibúnað og búnaðinum skal viðhaldið eins og krafist er skv. reglum þar að lútandi.

Þegar gefið er merki um rýmingu vegna eldsvoða eða annarar hættu hljóma brunabjöllur eða sírenur. Þá ber starfsmönnum verktaka að rýma viðkomandi mannvirki eða svæði tafarlaust. Eftir rýmingu skal öryggisvörður verktaka hafa samband við UV/SÖHU sem tekur ákvörðun um framhald vinnu í samráði við verktaka.

Röð og regla skal vera á vinnustað. Brennanlegt efni skal ekki vera nær byggingum en 12 m. Ef um mikið magn er að ræða þarf fjarlægðin að vera meiri. Rusl og brennanlegt efni sem ekki er í notkun skal færa burt af vinnusvæðinu. Það efni sem þarf að vera á vinnusvæði vegna framkvæmdanna skal staðsetja svo að slökkvilið og önnur neyðaraðstoð eigi greiðan aðgang um svæðið.

Gæta skal ítrustu varúðar við notkun og meðferð eldfimra vökva og gasa og skal notkun vera í samræmi við öryggisleiðbeiningar. Efnin skulu geymd á tryggum stað þegar þau eru ekki í notkun. Ekki er leyfilegt að brenna efni á byggingarstað.

Sérstaklega skal hugað að staðsetningu ljósabúnaðar og þess gætt að hann valdi ekki ofhitnun og íkveikju. Þar sem mikið ryk, spónn o.s.frv. er til staðar skulu lampar vera með öryggisglari þannig að pera sé varin.

Áður en suðuvinna hefst skal hafa samráð við umráðamann viðkomandi húsnæðis verkkaupa. Fjarlægja skal allt brennanlegt efni þar sem suðuvinna fer fram. Verja skal brennanlega hluti sem ekki er hægt að fjarlægja. Ganga skal úr skugga um að ekki sé hætta á íkveikju eftir að suðu er lokið. Eftirlit með suðustað skal vera í eina klukkustund eftir að suðuvinnu lýkur. Ástæða er til að meðhöndla gas- og súrefniskúta af fyllsta öryggi. Allir kútar skulu vera útbúnir með nauðsynlegum öryggisbúnaði svo sem einstefnu- og bakslagslokum. Einnig skulu suðusköft vera með einstefnulokum. Kútar í notkun skulu vera tryggilega festir á þar til gerða vagna eða þannig að þeir geti ekki fallið um koll. Aukabirgðir skulu geymdar á öruggan hátt fjarri verkstað.

Slökkvitæki skal vera til staðar þar sem hætta er talin á bruna og skal aðgengi vera gott. Æskilegt er slökkvitæki sé staðsett innan 25 metra frá verkstað. Tegund slökkvitækja skal taka mið af þeirri vinnu og eignum sem eru á hverjum verkstað og fjöldi þeirra vera nægur miðað við það brunaálag sem til staðar er þannig að samanlagt slökkvigildi sé nægilegt.

6. Kröfur vegna rafmagnsvinnu

Vegna rafmagnsvinnu skal farið eftir kröfum sem koma fram í orðsendingu nr. [1/84 \(http://www.neytendastofa.is/Pages/636\)](http://www.neytendastofa.is/Pages/636) frá Neytendastofu

Ef upp koma tilvik þar sem starfsmenn eða búnaður þarf að fara inn fyrir bannsvæði spennuvirkja skal verktaki leggja fram áhættumat og öryggisreglur ásamt skriflegri heimild frá ábyrgðarmanni rafbúnaðar. Ávallt skal sýna aðgát við vinnu nálægt spennuhafandi hlutum eða hlutum sem möguleiki er á að hafi spennu. Öll vinna við rafbúnað skal vera á ábyrgð löggilts rafiðnaðarmanns. Rafverktakar skulu starfa samkvæmt löggiltu öryggisstjórnunarkerfi.

7. Kröfur vegna suðuvinnu

Suðuvinna svo sem við tengingar eða viðgerðir á hitaveitulögnum fer fram við margskonar aðstæður. Nauðsyn er að tryggja góða loftræsingu og huga vel að umhverfinu, sérstaklega innanhúss vegna hættu á íkveikju. Ef unnið er að viðgerðum skal tryggja lagnir hafi verið tæmdar áður en vinna hefst. Ekki skal farið inn í lokuð rými án þess að ganga úr skugga að nægilegt súrefni sé til staðar. Ef unnið er á virkjunarsvæðum verkkaupa skal hafa samráð við stöðvarstjóra eða vakthafandi vélfræðinga áður en vinna hefst.

8. Kröfur vegna vinnu við heitt vatn

Sérstök aðgát skal höfð við vinnu nálægt heitavatslögnum og/eða gufu. Starfsmenn skulu klæðast gúmmístígvélum og uppháum hönskum þar sem hætta er á bruna af heitu vatni/gufu.

Ávallt skal ganga úr skugga um að heitt vatn hafi ekki safnast fyrir í botni brunna eða öðrum lægðum áður en vinna hefst. Beina skal heitu vatni ofan í niðurfall við dælingar úr brunnum.

Óheimilt er að víkja af vettvangi ef heitt vatn rennur óvarið.

9. Kröfur vegna vinnu í fallhæð

Vinna í fallhæð er ekki takmörkuð við svæði sem eru hátt yfir jörðu. Slík vinna getur einnig flokkast sem vinna neðanjarðar svo sem í borholukjöllum, skurðum og gryfjum. Fallvarnir skulu notaðar í hvert skipti sem að:

- Hætta er á að starfsmaður falli og meiði sig.
- Vinna utan svæða sem annars eru afmörkuð með handriðum.
- Starfsmaður telur að slík vörn sé nauðsynleg.

Fallvörn getur falið í sér en er ekki einskorðuð við:

- Vinnupalla.
- Traust handrið.
- Persónulegan búnað eða viðeigandi fallvarnarbelti með líflínu til að verjast falli.

10. Kröfur varðandi hífingar

Stroffur, keðjur, kranavírar, lásar og kranar/búnaður sem notaður er til hífingar skal vera gæðavottaður og styrkur vera í samræmi við þyngd byrðarinnar sem á að hífa. Stroffur og keðjur skulu vera í fullkomnu lagi.

Gæta skal vandlega að staðsetningu annarra starfsmanna þegar verið er að hífa. Byrði skal aldrei hífð yfir starfsmenn og stjórnandi hífingar skal staðsettur í öruggri fjarlægð. Hífingarbúnaður skal vera í fullkomnu lagi og ber verktaki ábyrgð á að búnaður sé ástandsskoðaður reglulega. Aldrei má skilja við hangandi byrðar í krana. Verktaki ber ábyrgð á því að jafnvægisfætur séu í lagi og að þeir séu notaðir á réttan máta og á réttu undirlagi.

Áður en hífingar á mjög þungum búnaði hefst, t.d. á vélbúnaði og stórum spennum, skal samþykkt áhættumat varðandi varúðarráðstafanir, val á búnaði og framkvæmd hífingarinnar liggja fyrir.

11. Kröfur varðandi vinnu í lokuðum rýmum

Verktakar sem vinna í lokuðum rýmum skulu leggja fram vinnureglur og skila áhættumati áður en starfsmönnum er hleypt inn í lokuð rými. Allar mögulegar öryggisráðstafanir skulu gerðar við slíka vinnu. Sem dæmi má nefna að lokuð rými skulu loftræst með blásurum og loftgæði mæld, lofthreinsun aðflutts öndunarlofts inn í hið lokaða rými skal tryggð og flóttaleiðir út úr rýminu vera til staðar skapist neyðarástand. Öll vinna í lokuðum rýmum skal fylgja reglum Vinnueftirlits eins og þær eru á hverjum tíma.

12. Kröfur varðandi brennisteinsvetni á háhitasvæðum

Brennisteinsvetni getur safnast fyrir í kjöllum, lægðum og lokuðum rýmum. Það getur valdið dauða ef styrkur þess er mikill og er einkum að finna á háhitasvæðum.

Nota skal H₂S viðvörðunarmæla við vinnu við borholur og í borholukjöllum. Mæling skal fara fram áður en farið er inn í lokuð rými ef loftræsing er ekki til staðar og ástæða er til að ætla að nægilegt súrefni sé ekki fyrir hendi. Ef H₂S mælist yfir markgildismörkum, sbr. reglugerð nr. [390/2009](http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/upload/files/log_og_reglur/reglur_og_reglugerdir_sem_heyra_undir_vinnuverndarlog/390_2009_reglugerd_um_mengunarmork.pdf) (http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/upload/files/log_og_reglur/reglur_og_reglugerdir_sem_heyra_undir_vinnuverndarlog/390_2009_reglugerd_um_mengunarmork.pdf) um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum, þá skal rýmið loftræst og gengið úr skugga með mælingum að rýmið sé öruggt áður en starfsmönnum er hleypt inn í það. Starfsmenn skulu alltaf vera tveir saman þegar hætta er á brennisteinsvetni og skal flóttatæki vera tiltækt.

Verktakar skulu uppfræða starfsmenn sína um hættur af brennisteinsvetni og hvetja til árvekni.

13. Kröfur varðandi umgengni og notkun á hættulegum efnum.

Leitast skal við að halda notkun eitrefna og hættulegra efna í lágmarki. Verktakar skulu upplýsa UV um þau eitrefni og hættulegu efni sem þeir hyggjast nota og leitast við að nota sem hættuminnst efni. Áhættumat skal liggja fyrir áður en vinna með slík efni skal framkvæmd. Í verkefnum á vegum verkkaupa skal ekki nota efni sem eru á bannlista yfir eitrefni og hættuleg efni en upplýsingar þar um koma fram í lögum nr. [45/2008](http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008045.html) (<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008045.html>) um efni og efnablöndur.

Verklagsreglur skulu vera til staðar fyrir öll eitrefni og hættuleg efni sem notuð er til verksins. Verklagsreglurnar skulu vera á íslensku en einnig skiljanlegar starfsmönnum sem ekki skilja íslensku. Þær skulu vera aðgengilegar á notkunarstað efnanna. Verklag og notkun persónuhlífa skal vera í samræmi við upplýsingar í verklagsreglunum. Verktaki skal fullvissa sig um að starfsmenn hans séu upplýstir um mögulega hættu af efnanotkun.

Öll eitrefni og hættuleg efni skulu geymd í lokuðum hirslum. Sjá einnig umfjöllun um meðhöndlun olú og hættulegra efna í kafla 14.

14. Kröfur um farartæki og vinnuvélar

Verktaki er ábyrgur fyrir öllum tækjum, vélum og verkfærum í hans eigu og skal sjá til þess að ástand þeirra uppfylli ákvæði í lögum og reglum. Hann skal skila inn afritum af skoðunarskírteinum vinnuvéla og tryggingavottorðum sé þess óskað.

Stjórnendur farartækja og vinnuvéla skulu hafa tilskilin réttindi til að stjórna viðkomandi tæki. Verktaki skal geta sýnt fram á að starfsmenn hans hafi tiltekin réttindi sé þess krafist. Ýrtruðu varúðar skal gætt við stjórnun tækja. Æskilegt er að ökumaður njóti tilsagnar aðstoðarmanns við að bakka stórum tækjum eða fullvissi sig um að enginn standi fyrir aftan þau. Verktaki ber ábyrgð á því að stjórn tæki og öryggisbúnaður tækja sé í lagi og að farmur sé tryggilega festur.

Lögð er áhersla á að allar vinnuvélar séu í góðu ásigkomulagi og að ekki leki frá þeim glussi eða olía enda verður slíkum vélum vísað frá verki án fyrirvara. Til að fyrirbyggja hættu á umhverfisslysum vegna véla og/eða vegna geymslu hættulegra efna skal verktaki afmarka svæði í samráði við SÖHU eða eftirlitsmann sem útbúið skal með þéttum jarðvegsdúk tengdum olúskilju. Allt viðhald véla svo sem olúskipti o.þ.h. skal framkvæmt á slíku svæði. Ferming og afferming hættulegra efna svo sem olíu og skyldra efna svo og geymsla hættulegra efna sem ekki komast fyrir í birgðageymslu innandyra skal einnig fara fram á slíku svæði.

Til að tryggja öryggi skal að jafnaði skilja við farartæki eða vinnuvél eins og reglur segja til um þegar það er yfirgefið hvort heldur í vinnuhléi eða við lok vinnudags. Lausagangur tækja skal vera í lámarki og að jafnaði skilið þannig við að óviðkomandi geti ekki ræst eða hreyft viðkomandi tæki. Skilja skal við lyftara þannig að gafflar séu í lægstu stöðu. Farþegaflutningar með farartækjum eða vinnuvélum er bannaður nema sérstakt sæti sé ætlað fyrir farþega.

Öll tæki skulu búin ljósum og öðru því sem ætlast er til af tæki sem notað er við akstur í umferð.

Stranglega er bannað að lyfta fólki upp með tækjum sem ekki eru viðurkennd til þeirra nota af Vinnueftirlitinu.

15. Kröfur vegna vinnu á og við akbraut

Áður en framkvæmdir hefjast við götur eða akbrautir skal verktaki tilkynna og fá leyfi viðkomandi sveitarfélags, fulltrúa vegagerðar og lögreglu. Farið skal að kröfum greinar 15 í reglugerð nr. 1127/2007 um lögreglusamþykktir varðandi merkingar vinnusvæðis í samráði við lögreglu.

Áður en framkvæmdir hefjast skal vertaki kynna sér gögn varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir hvað varðar legu rafmagnsstrengja og lagna. Tilkynna skal strax til UV/SÖHU um allar skemmdir eða slit á strengjum eða lögnum. Ef um alvarleg slys er að ræða skal strax tilkynna um atvikið til neyðarlínu 112.

Vegna vinnu við veglýsingu utan þéttbýlis skal merkja vinnusvæðið með þar til gerðum merkjum til að varúðar fyrir vegfarendur sem leið eiga um. Varðandi aðrar kröfur um merkingar er vísað til reglna sem koma fram á vefsíðu vegagerðarinnar um vinnustaðamerkingar.

16. Kröfur vegna vinnu í skurðum

Almennt skulu skurðir og annar uppgröftur afmarkaður með flaggalínu. Frágangur á skurðum og skurðbökkum skal vera slíkur að hvorki vegfarendum né starfsmönnum stafi hættu af. Í lausum jarðvegi skal skurðsniðið vera þannig að ekki sé hættu á hruni í skurðinn. Einnig skal gæta þess að yfirborðsvatn safnist ekki fyrir í skurðum. Að öðru leiti er vísað er í leiðbeiningar um vinnuvernd nr. [2/1990 \(http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/upload/files/ur_gamla_skjalakerfi/god_fordaemi/1990_2_oryggi_vid_skurdgroft_og_gryfjur.pdf\)](http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/upload/files/ur_gamla_skjalakerfi/god_fordaemi/1990_2_oryggi_vid_skurdgroft_og_gryfjur.pdf) varðandi öryggi við skurðgröft og gryfjur.

Að jafnað skal haga vinnu þannig að framkvæmdum ljúki á sem stytstumst tíma og valdi sem allra minnstum óþægindum fyrir íbúa í nágrenni eða aðra vegfarendur. Varúðarmerkingum skal viðhaldið af verktaka á verktíma. Áhersla skal lögð á að fjarlægja merkingar um leið og þeirra er ekki lengur þörf. Verði óeðlilegur dráttur á framkvæmdum sem verður rakinn til aðgerða/aðgerðarleysis annarra en verktaka og leiða til kostnaðarauka fyrir verktaka vegna viðhald merkinga skal verktaki eiga kröfu um bætur sér til handa. Varðandi aðrar kröfur um merkingar er vísað til reglna sem koma fram á vefsíðu vegagerðarinnar um vinnustaðamerkingar.

17. Kröfur varðandi frágang vinnusvæða.

Í verklok skal ganga snyrtilega frá framkvæmdasvæði í samræmi við þær kröfur sem koma fram í útboðsgögnum og verksamningi. Fjarlægja skal allt efni tengt framkvæmdinni og ganga skal frá vinnusvæðum þannig að slys geti ekki hlotist af í samræmi við ákvæði útboðsgagna.